

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/752**  
**komudagur 3.2.2006**



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,  
Sjávarútvegsnefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 31. janúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 660 m.kr. af því fé sem Verkefnasjóður sjávarútvegsins fékk við sölu á eignum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins renni í ríkissjóð. Fé þessu skal varið til hafrannsóknna og er því við það miðað að hafrannsóknir verði eflar og fé sem varið er til hafrannsóknna aukið.

Annars vegar er lagt til að í fjárlögum ársins 2006 verði rammi fjárveitinga Hafrannsóknastofnunarinnar hækkaður um 50 millj. kr. og um 100 millj. kr. frá og með fjárlögum ársins 2007. Enn fremur er gert ráð fyrir að reglum um úthlutun úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins verði breytt þannig að á árinu 2006 muni a.m.k. 25 millj. kr. af því fé sem Verkefnasjóðurinn hefur til úthlutunar verða varið til hafrannsóknna á samkeppnisgrundvelli.

Eins og hér kemur fram er við það miðað að þessar 660 m.kr. renni til hafrannsóknna og að nú verði fleirum en Hafrannsóknastofnun gert kleift að stunda hafrannsóknir hér við land, sem er jákvætt og mun skapa meiri breydd í rannsóknastarfseminu.

Vélstjórafélag Íslands hefur ekki fram að færa athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,  
f.h. Vélstjórafélags Íslands,

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!